



# Byggðastofnun

## Próunarsvið

Alþingi  
Erindi nr. P 140/1845  
komudagur 19.4.2012

Dagsetning 18. apríl 2012

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, mál 657 og um frumvarp til laga um veiðigjöld, mál 658.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun vísar til umsagnar Þórodds Bjarnasonar, prófessors og formanns stjórnar stofnunarinnar. Byggðastofnun vill til viðbótar benda á nokkur atriði sem hún telur að huga þurfi að þó þau kunni að skarast við greinargerð Þórodds.

### Um frumvarp nr. 657

Byggðastofnun telur jákvætt að það að treysta atvinnu og byggð í landinu er sjálfstætt markmið í frumvarpinu en í gildandi lögum um stjórn fiskveiða er það talið leiða af markmiðum um verndun og hagkvæma nýtingu nytjastofna. Stofnunin telur einnig mikilvægt að skýrt verði í lagatextanum sjálfum í stað reglugerðar til hvaða aðgerða á að grípa svo vilji löggjafans sé alveg ljós.

Almennt næst markmið um að treysta og efla byggð í landinu með hagkvæmum rekstri sem stefnir að sem mestum þjóðhaglegum ávinningi af sjávarfangi. Hins vegar er gert er ráð fyrir allnokkrum aflahlutdeildum, sem hægt verði að beita, þar sem forsendur fyrir fiskveiðum og fiskvinnslu hafa brugðist og falla þær undir flokk 2. Undirflokkar aflahlutdeilda í þessum flokki eru ráðstöfun til kvótaþings, strandveiðar, bætur og byggðakvóti og línuviltun, auk ýmissa minni flokka svo sem vegna frístundaveiða og áframeldis þorsks.

Byggðastofnun telur jákvætt að hægt sé að beita þessum aflahlutdeildum með sértækum hætti en umdeilanlegt með hvaða hætti þær skiptast og hvaða breytingar hafa verið gerðar á einstökum flokkum. Stofnunin telur að æskilegt hefði verið að auka hlutdeild byggðakvóta í þessum flokki en þær aflaheimildir hafa oft nýst til þess að leysa bráðan vanda í

byggðarlögum sem orðið hafa fyrir óvæntum áföllum þó fram hjá því verði ekki horft að ómögulegt er að viðhalda óbreyttu byggðamynstri til langframa, hvort heldur með fiskveiðistefnu eða öðrum aðgerðum.

Í 13. grein er kveðið á um heimild ráðherra til að „neyta forgangsréttar að aflahlutdeildum ef ætla má að ráðstöfun þeirra hafi umtalsverð neikvæð áhrif í atvinnu- eða byggðalegu tilliti sökum hlutfallslegs mikilvægis sjávarútvegs í viðkomandi sveitarfélagi eða byggðarlagi“.

Hér skortir á að skýrt sé við hvað sé miðað þegar vísað er til hlutfallslegs mikilvægis sjávarútvegs. Eðlilegt er að gerð sé grein fyrir hve stór hluti starfa þarf að vera við veiðar og vinnslu til þess að sjávarútvegur teljist burðarás í atvinnulífi og kalli þannig á að svæðið eigi rétt til svæðisbundinnar úthlutunar.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga að upplýsingar um hlutfall starfa í veiðum og vinnslu, sem og annarra starfa liggur ekki fyrir og er brýnt að Hagstofunni verði falið að vinna slíkar upplýsingar allt frá árinu 2005 þegar þær voru síðast unnar.

Í 18. gr. eru ákvæði sem stuðla eiga að nýliðun og telur stofnunin að þar eigi að horfa sérstaklega til svæða sem hallað hefur á í byggðalegu tilliti.

Eðlilegt er að Byggðastofnun, sem óháður aðili með yfirsýn um stöðu mála um allt land, eigi aðild að nefnd sem setja skal á fót, samkvæmt bráðabirgðaákvæði VI, til að gera tillögu um ráðstöfun tekna skv. 2. mgr. 19. gr.

Í 21. grein er ákvæði um að heimilt sé að ráðstafa aflamarki í botnfiski, til stuðnings byggðarlögum, í samráði við Byggðastofnun. Samskonar ákvæði um samráð við Byggðastofnun er í núgildandi lögum. Það hefur ekki verið virt.

### **Um frumvarp nr. 658**

Hvað varðar frumvarp til laga um veiðigjöld er rétt að taka fram að álagning veiðigjalda mun hafa áhrif á greiðslugetu útgerða og veðhæfni eigna þeirra, en ekki hefur verið lagt mat á afleiðingarnar. Ætla má að gjaldið hafi áhrif á möguleika minni sjávarútvegsfyrirtækja til lánsfjáröflunar, má í því sambandi benda á að skv. 12. gr. frv. er gert ráð fyrir að álagt veiðigjald njóti lögveðréttar í viðkomandi skipi, og gangi þannig framar samningsveðkröfum í veðröð.

Færa má fyrir því rök að veiðigjöld séu landsbyggðarskattur, enda stór hluti aflaheimilda bundinn fyrirtækjum þar.

Virðingarfyllt

Aðalsteinn Þorsteinsson  
*Forstjóri Byggðastofnunar*